

### Markmið

Markmið kennslunnar er að nemendur kynnist náttúru Íslands og hvaða kröftum landið býr yfir. Nemendur kynnst náttúruskoðun og þekkja tré og aðrar plöntur sem og nokkur dýr. Mikilvægt að nemendur temji sér skipulögð vinnubrögð og öðlist nýja þekkingu á eigin landi.

### Kennsluaðferðir/vinnulag

2-3 kennslustundir á viku, gert ráð fyrir einhverju heimanámi.

Fjölbreyttir kennsluhættir, bein kennsla, samvinnunám, leitarnám, verkefnavinna, kannanir og ýmislegt fleira.

### Námsmat

Námsmatið byggir á þeirri vinnu sem nemendur vinna í kennslustundum, bæði bóklegum sem og verklegum þáttum. Unnið er út frá tilteknum flokkum viðmiða úr Aðalnámskrá sem höfð eru til hliðsjónar við mat á hæfni nemenda. Námsmatið er gert jafnt og þétt yfir kennslutímabilið og eru skráð með hæfnitáknum í Mentor.

### Námsgögn

Líf á landi og Auðvitað heimilið en einnig er stuðst við efni af netinu sem og fræðslumyndir. Nánasta umhverfi skólans er nýtt til náttúruskoðunar. Nemendur gera nokkrar tilraunir tengdar námsefni vetrarins og kynnst nákvæmum vinnubrögðum. Einnig verður aðeins unnið með veðurfræði.